

Fimmtudagurinn 30. október 1997 kl. 17:00

100. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 39/1997

**Kvörtun stimplagerðarinnar Roða sf. yfir meintum óréttmætum
viðskiptaháttum stimplagerðarinnar Boða ehf.**

I.

Erindið

Með bréfi, dagsettu 4. júní 1997, kvartar Roði sf. yfir meintum óréttmætum viðskiptaháttum Boða ehf. Í bréfinu segir m.a.:

„Á bls. 482, í nýútkominni símaská fyrir árið 1997, er neðst í fyrsta dálki að finna svohljóðandi feitletraða setningu:

„Roði hf stimplagerð sjá Boði ehf stimplagerð...511 1400“

Efst í næsta dálki á sömu blaðsíðu, kemur hins vegar tilgreining á rétthafa firmanafnsins „Roði sf.“ og símanúmer hans, sem er annað en hér að ofan er tilgreint. Til nánari skýringar ber að taka fram, að Roði sf. og Boði ehf. eru sitt hvort fyrirtækið og eru í dag í samkeppni á sviði stimplagerðar. Í öðru lagi er rétt að taka fram að ekkert hlutafélag er skráð sem heitir „Roði hf. stimplagerð“ enda færi það í bága við firmarétt Roða sf. stimplagerðar vegna ruglingshættu. Framangreind millitilvísun virðist sett fram vísvitandi til þess að villa um fyrir neytendum og styrkja þá í þeirri röngu trú að um sama fyrirtæki sé að ræða. Með þessari villandi tilgreiningu nýtir Boði ehf. sér viðskiptavild Roða sf. með óréttmætum viðskiptaháttum.“

Þá segir í erindinu:

„Af framangreindum ástæðum, verður ekki hjá því komist að undirritaður gerir þá kröfu f.h. Roða sf. að samkeppnisráð banni Boða ehf. að tilgreina símanúmer sitt eða auglýsa fyrirtæki sitt með tilvísun til firmanafnsins „Roði“ að viðlögðum dagsektum, samkvæmt 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“

Þá er í erindinu sagt að framangreind háttsemi brjóti gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og 1. mgr. 10. gr. laga um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.

II. Málsmeðferð

Hinn 6. júní var erindið sent Boða til umsagnar. Sama dag var send fyrirspurn til Pósts og síma þar sem óskað var upplýsinga um reglur og vinnuaðferðir við skráningu í símaská.

1.

Svar Pósts og síma er dagsett 24. júní sl. Þar segir m.a. að það sé erfiðleikum bundið fyrir starfsmenn Pósts og síma að gera athugasemdir við skráningar í símaskrá þar sem fjöldi fyrirtækja beri sömu nöfn eða lík nöfn. Ef ágreiningur komi upp á milli fyrirtækja verði fyrirtækin að leysa hann án milligöngu Pósts og síma.

2.

Svar Árna Vilhjálmssonar hrl. f.h. Boða, er dagsett 1. ágúst sl. Þar segir m.a.:

„Umbjóðandi okkar vill í tilefni af erindi Roða sf. koma því á framfæri að tilgangur þeirrar skráningar í símaskrá Pósts & síma sem kvartað er yfir, var sá að koma í veg fyrir misskilning og sífelldar hringingar á rangan stað. Það kann að vera að skráningin hafi ekki skilað tilætluðum árangri og jafnvel gert illt verra. Af því tilefni viðurkennir umbjóðandi okkar að það hafi verið mistök af hans hálfu að láta skrá ofangreint í símaskrána. Hann býðst til að leiða málið til lykta af sinni hálfu með því að tryggja það að umrædd setning verði nú þegar fjarlægð úr þeim skrá sem upplýsingaþjónusta um innlend símanúmer, 118, hefur aðgang að og veitir upplýsingar úr, auk þess að tryggja það að umrædd setning verði ekki í næstu útgáfu símaskrár Pósts & síma.

Umbjóðandi minn vonast til þess að með afstöðu sinni geti málinu lokið svo viðunandi sé fyrir Roða sf. og að frekari afskipta samkeppnisyfirvalda verði því ekki þörf.“

3.

Svar Boða var sent Roða til umsagnar og er svar Roða dagsett 11. ágúst sl. Þar eru látin í ljós vonbrigði yfir því að Boði hafi ekki enn leiðrétt skráningu fyrirtækisins hjá upplýsingasíma Pósts og síma og þar af leiðandi verði Roði enn fyrir beinu fjárhagslegu tjóni. Þá segir í bréfinu:

„Þar sem Boði ehf. hefur með saknæmum og ólögætum hætti valdið Roða sf. fjártjóni með óréttmætum viðskiptaháttum hefur Roði sf. lögvarða hagsmuni af því að samkeppnisráð kveði upp formlegan úrskurð í málinu í stað þess að því ljúki með sátt. Í fyrsta lagi ber þess að geta að Boði ehf. hefur ekki enn látið leiðrétta umrædda skráningu í símaskrá þeirri, sem símanúmerið 118 veitir aðgang að. Þá ber þess einnig að geta að slíkan úrskurð getur ekki aðeins þurft að nota gegn Boða ehf. og núverandi stjórnendum þess fyrirtækis, heldur síðari eigendum og stjórnendum svo og Pósti og síma, sem útgefendum símaskrár, sem og öðrum fjölmiðlum, er beðnir kunna að verða að birta auglýsingar, sem brjóta með sama hætti í bága við rétt Roða sf. með tilvísun til þess firmaheitis. Af framangreindum ástæðum, verður ekki hjá því komist að undirritaður árétti þá kröfu fh. Roða sf. að samkeppnisráð banni Boða ehf., Hverfisgötu 49, 101 Reykjavík, að tilgreina símanúmer sitt eða auglýsa fyrirtæki sitt á annan hátt með tilvísun til firmanafnsins „Roði“ að viðlögðum dagsektum, samkvæmt 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Þess er ennfremur krafist að Boði ehf. láti afmá setninguna:

„Roði hf stimplagerð sjá Boði ehf stimplagerð... 511 1400“

úr þeim skráum sem upplýsingaþjónusta um innlend símanúmer, 118, hefur aðgang að og veitir upplýsingar úr, innan 15 daga frá uppkvaðningu úrskurðar að viðlögðum dagsektum, samkvæmt 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“

4.

Í athugasemdum Boða við bréfi Roða sem dagsett er 11. september sl. er vísað til fyrra bréfs hans til stofnunarinnar og ítrekað að skráningin hafi verið gerð fyrir mistök. Þá er áréttað að í bréfinu hafi forsvarsmenn Boða lagt fram tillögu til sátta í þeirri von að samkeppnisyfirkvöld lykju málinu á þann hátt sbr. 14. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirkvalda nr. 672/1994, en þar segir:

„Samkeppnisyfirkvöldum er heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt.“

Þá segir í bréfinu:

„Í ljósi þess að bréf umbjóðanda okkar fól í sér tillögu að samkomulagi hófst hann ekki handa við að efna sinn hluta enda ekki ljóst hver yrðu viðbrögð samkeppnisyfirvalda við sáttatillögunni. Til að mynda átti hann von á því að staðfest yrði af hálfu samkeppnisyfirvalda að málinu yrði lokið með sátt og að ekki yrði um frekari afskipti þeirra að ræða svo lengi sem umbjóðandi okkar uppfyllti skilmála fyrirbyggjandi sáttatillögu.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi myndsendibréfi frá Pósti og síma hf. brást umbjóðandi okkar skjótt við bréfi Samkeppnisstofnunar dags. 18. ágúst sl. Þann 21. þess mánaðar var eftir því óskað að tilnefnd setning yrði felld úr símaskrá og upplýsingaþjónustu um innlend símanúmer, 118. Hefur það nú verið gert.

Að því virtu sem að ofan greinir vonast umbjóðandi okkar enn til þess að með afstöðu sinni geti málinu lokið með sátt og án frekari afskipta samkeppnisyfirvalda.“

5.

Umsögn Roða við framangreindu bréfi er dagsett 19. september sl. og þar er enn áréttað að Roði hafi lögvarða hagsmuni af því að samkeppnisráð kveði upp formlegan úrskurð. Þá segir í bréfinu:

„...skal bent á, að hin prentaða símaskrá mun skerða lögvarinn rétt Roða sf. þar til ný símaskrá kemur út án þess að hægt sé að rétta hlut Roða sf. með sambærilegum hætti og gert var um þá símaskrá, sem upplýsingaþjónusta um innlend símanúmer notar. Að þessu athuguðu er ljóst að við útgáfu næstu símaskrár og þegar til framtíðar er litið hefur Roði sf. lögvarðra hagsmuna að gæta [sic] að skorið sé úr um rétt hans í þessu máli með tilliti til samkeppnislaga.

Þar sem því er hafnað af hálfu Roða sf. að gera sátt um málið og ekki er deila um málsatvik né lagatúlkun, er þess óskað að málið verði tekið til úrskurðar í samræmi við grunnrök 1. mgr. 98. gr. laga nr. 97/1991, um meðferð einkamála.

Í ljósi þeirra aðgerða sem Boði ehf. hefur gripið til þykir rétt að takmarka kröfur Roða sf. og krefjast þess nú einungis að samkeppnisyfirvöld banni Boða ehf., Hverfisgötu 49, 101 Reykjavík, að tilgreina símanúmer sitt eða auglýsa fyrirtæki sitt á annan hátt með tilvísun til firmanafnsins „Roði“.

III.

Niðurstöður

1.

Í máli þessu kvartar Roði yfir skráningu Boða í símaskrá Pósts og síma fyrir árið 1997. Þegar flett er upp á firmanafninu Roði í skránni, er vísað til símanúmers fyrirtækisins Boða eins og um eitt og sama fyrirtækið sé að ræða. Þá var um samskonar skráningu að ræða í upplýsingasíma Pósts og síma. Þeirri skráningu var breytt 22. ágúst sl. Ljóst má því vera að þeir sem leitað hafa að símanúmeri Roða, hvort heldur í hinni prentuðu símaskrá sjálfri eða hafa fengið upplýsingar hjá upplýsingasíma Pósts og síma fram til 22. ágúst sl., hafa fengið uppgefið símanúmer Boða.

Í gögnum málsins segir að tilgangur Boða með framangreindri skráningu hafi verið sá að koma í veg fyrir misskilning og sífelldar hringingar á rangan stað. Þá segir að það hafi verið mistök af hálfu Boða að framkvæma skráninguna.

Að mati samkeppnisráðs hefur Boði ekki með skýrum hætti sýnt fram á hvaða misskilning skráningin átti að hindra eða á hvern hátt hafi verið um mistök að ræða með skráningunni. Samkeppnisráð telur því að skýringar Boða á athæfi sínu séu ótrúverðugar. Ekki fæst því séð að umrædd skráning Boða hafi byggst á málefnalegum sjónarmiðum.

2.

Að hálfu Roða er því haldið fram í máli þessu að áðurnefnd tilgreining Boða í símaskrá brjóti gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þessu hefur ekki verið andmælt af hálfu Boða.

Í 20. gr. samkeppnislaga kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Í 21. gr. samkeppnislaga segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Þá segir m.a. í 25. gr. samkeppnislaga:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarétt eða ábyrgð atvinnurekanda.“

3.

Af m.a. 20. gr. samkeppnislaga má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur samkeppnisyfirvalda og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 20. gr. samkeppnislaga. Því er sú leið farin í samkeppnislögum að aðgerðir fyrirtækja sem taldar eru brjóta í bága við umræddar siðareglur geta ekki leitt til viðurlaga heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að aðgerðum sé haldið áfram. Sé hins vegar bann brotið er heimilt að beita viðurlögum. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verður að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar, eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Boði og Roði eru keppinautar á sviði stimplagerðar og bera fyrirtækin keimlík nöfn. Eins og fyrr segir telur samkeppnisráð að gögn málsins gefi ekki til kynna að tilgreining Boða á símanúmeri sínu í símaskrá með tilvísun til Roða hafi verið vegna mistaka eða til þess að eyða misskilningi. Í ljósi þessa lítur samkeppnisráð svo á að með tilgreiningunni hafi Boði með óhæfilegum hætti ætlað að nýta sér viðskiptavild Roða. Jafnframt er viðskiptaaðferð Boða villandi gagnvart neytendum og til þess fallin að valda Roða tjóni. Þannig hefur Boði brotið gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur athæfi Boða sérlega ámælisvert brot á góðum viðskiptaháttum þar sem fyrirtækinu hlaut að vera ljóst að hegðun þess var hvorki heiðarleg né sanngjörn gagnvart keppinauti.

Að mati samkeppnisráðs má leiða að því líkur að athæfi Boða sé, auk ofangreinds, skaðlegt samkeppni á viðkomandi markaði, í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Telja verður að upplýsingar sem veittar eru í síma af fyrirtæki í umræddri starfsgrein séu mikilvæg uppspretta viðskipta á þeim markaði. Því má ætla að Roði hafi orðið af umtalsverðum viðskiptum vegna athæfis Boða. Athæfi Boða er því til þess fallið að útiloka eða halda Roða frá viðkomandi markaði. Fyrirtækið hefur ekki getað brugðist við athæfinu nema með kostnaðarsamri birtingu auglýsinga og tilkynninga þó óvíst sé um árangur slíkrar birtingar á öðrum stað en í símaskránni sjálfri.

Eins og fyrr greinir var skráningu Boða breytt hjá upplýsingaþjónustu Pósts og síma hf. hinn 22. ágúst sl. Hins vegar stendur skráningin enn í hinni prentuðu símaskrá sem gefin er út einu sinni á ári. Skráningin er því (að öllu óbreyttu) til þess fallin að valda Roða tjóni fram að næstu útgáfu, sem verður að líkindum á fyrri hluta næsta árs. Þessar aðstæður þykja að mati samkeppnisráðs einnig skaðlegar í skilningi 17. gr. samkeppnislaga þar sem möguleikum Roða til að keppa við Boða á jafnréttisgrunni er að þessu leyti raskað. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga og til þess að vernda samkeppnina á umræddum markaði mun samkeppnisráð beina þeim fyrirmælum til Boða að birta í útvarpi og dagblöðum tilkynningu þar sem þess er getið að Boði og Roði séu ekki sama fyrirtækið og tilgreining í símaskrá þess efnis sé röng.

V.

Ákvörðunarorð:

„Með því að skrá „Roði hf stimplagerð sjá Boði ehf stimplagerð“ ásamt símanúmeri Boða ehf. í símaskrá fyrir árið 1997 hefur Boði ehf. brotið gegn 17. gr., 20. gr., 21. gr. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 17. gr. og 51. gr. sömu laga beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Boða ehf.

- I. Samkeppnisráð bannar Boða ehf., Hverfisgötu 49, Reykjavík, að tilgreina símanúmer sitt, auglýsa fyrirtæki sitt eða starfsemi sína á annan hátt með tilvísun í firmanafnið Roði, þar sem það sé villandi og ósanngjarnt gagnvart keppinautum og neytendum.
- II. Á tímabilinu 15. nóvember 1997 til 15. desember 1997 skal Boði ehf. birta þrisvar sinnum á áberandi hátt, í hljóðvarpi og dagblöðum, tilkynningu þar sem þess verður getið að Boði ehf. og Roði sf. séu ekki eitt og sama fyrirtækið og að tilgreining á bls. 482 í símaskrá fyrir árið 1997 þar sem slíkt sé gefið til kynna sé röng. Áður en Boði ehf. sendir auglýsingar til birtingar skal fyrirtækið kynna Samkeppnisstofnun þær.“